



Alþingi Íslendinga

bt. Umhverfis- og samgöngunefndar

Flúðum, 7. mars 2024

Efni: Umsögn um 96. mál - Endurnýjun vegarins yfir Kjöl með einkaframkvæmd.

Á fundi sveitarstjórnar Hrunamannahrepps þann 7. mars s.l. var lögð fram umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um 96. mál - Endurnýjun vegarins yfir Kjöl með einkaframkvæmd.

Eftirfarandi ályktun var samþykkt samhljóða af sveitarstjórn:

Sveitarstjórn telur að miklir möguleikar felist í uppbyggingu Kjalvegur og hvetur þingmenn til að veita tillögunni brautargengi.

Kjalvegur sem byggður yrði upp sem heilsársvegur með fullri burðargetu gæti gjörbreytt umferð um landið og stuðlað að breytingu í byggðamynstri og uppbyggingu í hinum dreifðari byggðum. Með betri vegi sem tryggir styttri ferðatíma milli landshluta yrði til nýtt flæði milli Suðurlands og Norðurlands með tilheyrandi jákvæðum áhrifum á ferðapjónustu og atvinnulíf almennt.

Vert er að geta þess að með nýjum og betri Kjalvegi myndi vegalengdin milli Flúða og Akureyrar stytta um 224 km og verða tveggja og hálf tíma ferðalag í stað þess að í dag fer lunginn úr deginum í slíka ferð.

Sveitarstjórn vill jafnframt minna á mikilvægi þess að veginum verði fundinn staður á besta mögulega stað og reynt verði eftir megni að sneiða hjá snjóþungum og veðurfarslega erfiðum svæðum en Bláfellsháls hefur oft verið nefndur sem farartálmi í því samhengi.

Sveitarstjórn hvetur alþingismenn til að veita málinu brautargengi, slíkt yrði farsælla en nokkrum gæti órað fyrir.

Þessi afgreiðsla sveitarstjórnar tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,


Aldís Hafsteinsdóttir



Sveitarstjórnin í
Hrunamannahreppi